

**Mál nr. 58/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging****Gildissvið váttryggingaskilmála. Forföll.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

M átti pantaða ferð til Tenerife ásamt fjölskyldu sinni dagana 22. desember 2021 til 5. janúar 2022. Ferðin var greidd þann 9. nóvember 2021 og þann 16. desember 2021 afbókaði M ferðina og fékk 25% endurgreiðslu frá ferðaskrifstofunni. Sótti M um bætur úr forfallatryggingu kortatryggingar hjá V sem óbætt var af ferðaskrifstofunni á grundvelli meiðsla sonar M á fæti, vegna smitgátar sonar og svo vegna veikinda maka. V hefur hafnað bótaskyldu vegna allra atburðanna með tölvupóstum dags. 20. og 22. desember 2021. M telur bótaskyldu vera fyrir hendi og vísar til fyrirbyggjandi vottorða og gagna. V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðar til Tenerife þann 22. desember 2021.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Tenerife sem hann hugðist fara í þann 22. desember en afpantaði þann 16. desember s.á. vegna veikinda og smitgátar. Í 7. kafla váttryggingarskilmála kortatryggingarinnar er fjallað um forföll og segir þar að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar, ef hinn váttryggði kemst ekki í ferð ef nánar tilgreindar ástæður eiga við. Í ákvæði 7.1.1 er kveðið á um að bótaskylda stofnist ef ástæða þess að váttryggður kemst ekki í ferð eru veikindi, enda séu þau vottuð af starfandi lækni. Jafnframt kemur fram í ákvæði 7.2.1 að bætur greiðist ekki sé tjón að rekja til hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn váttryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. M hefur tilkynnt tvenns konar veikindi til V, annars vegar meiðsli sonar og svo hins vegar veikindi maka. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði vegna meiðsla sonar dags. 16. desember 2021 kemur fram að hann hafi slasast á fæti í október 2021 og farið í aðgerð þann sama mánuð. Þau meiðsli voru þannig til staðar þegar ferðin var greidd í nóvember 2021. Hið sama á við um veikindi maka en samkvæmt læknisvottorði dags. 15. desember 2021 kemur fram að um sé að ræða kvíða, þunglyndi og krónísk verkjavandamál sem hafa farið mikið versnandi vegna utanaðkomandi streituvalda. Er því í báðum tilvikum um að ræða veikindi sem falla undir fyrrgreint undanþáguákvæði greinar 7.2.1 í skilmálum tryggingarinnar. Er bótaskylda á þessum grundvelli því ekki til staðar.

Kemur því næst til skoðunar hvort fallist verði á bótakröfu M á grundvelli smitgátar sonar. Því til stuðnings lagði M fram tilkynningu frá skóla sonarins dags. 19. desember 2021 og einnig vottorð dags. 21. desember 2021. Fram kemur í grein 7.1.3 að félagið bæti forföll ef hinn váttryggði kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt. Í grein 7.2.2 segir að félagið bæti ekki tjón sem stafa beint eða óbeint af tilskipunum stjórnvalda, nema þeim er varða skyldusóttkví. Engar opinberar ferðatakmarkanir hafa verið gefnar út af stjórnvöldum vegna smitgátar og fellur smitgát sonar því ekki undir bótaskyld atvik greinar 7.1 í váttryggingarskilmála kortatryggingarinnar. Í því skilmálaákvæði er tæmandi upptalning á þeim tilvikum sem bótaskyld eru skv. váttryggingunni. Auk þess er rétt að nefna að af gögnum málsins má ráða að ferðin hafi verið afbókuð áður en M fékk upplýsingar um smitgát sonar og er því ekki unnt að líta á smitgát sem ástæðu þess að M afbókaði ferðina. Er bótaskylda á grundvelli smitgátar sonar því ekki til staðar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir